



**Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1, 2,3,
Þinghólsbraut 77 og 79
Svæði 13**

Húsakönnun

1. desember 2022

uppfærð: 15. desember 2022 og 21. apríl 2023



Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026

Húsakönnun þessi greinir gerð einstakra húsa á Bakkabraut, Bryggjuvör og Þinghólsbraut í Kópavogi. Um er að ræða reit sem skipt er í 7 lóðir með 1 íbúðarhúsi og 5 iðnaðarbyggingum.



Uppfærsla dags. 21. apríl 2023, eftir ath. Minjastofnunar. Ekki er krafa um að fjalla um varðveislumati húsanna á svæðinu því um er að ræða „yngri byggð“. Sjá texta í rauðu sem hefur tekið breytingum.

Formáli

Húsakönnun þessi er hluti vinnu að breyttu deiliskipulagi reits 13 á þróunarsvæði Kársnesi en skipulagssvæðið afmarkast af Þinghólsbraut og lóðamörkum Þinghólsbrautar 73 og 75 í austri, fyrirhugaðri nýrri vegtengingu milli Borgarholtsbrautar og Bakkabrautar í norðri, hafnarkants til vesturs og grjótgarðs/strandar til suðurs. Stærð núverandi lóða er samtals um 10.391m².

Könnunin tekur til núverandi aðstæðna og leitast verður við að veita yfirsýn yfir svæðið, kanna ástand þess og upprunalega gerð húsanna í samræmi við skipulagslög. **Ekki verður um tæmandi sögulega úttekt á umræddum húsum né varðveislumat því húsin eru byggð á árunum 1950 – 1988. Samkvæmt verklagsreglum Minjastofnunar Íslands um skráningu á húsum sem ekki falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar, svokölluð „yngri byggð, sem byggð er eftir 1940“, er ekki gerð krafa um skráningu skv. ýtrustu kröfum stofnunarinnar með varðveislumati.**

Sögulegt ágríp

Á Kársnesi er elsta heildstæða byggðin í bænum. Búskapur var ríkjandi fram á miðjan fjórða áratuginn en þá hófst úthlutun á nýbýla- og smábýlalöndum frá jörðinni. Mikil húsnaðisekla var í Reykjavík á stríðsárunum og tók fólk sér heimili á smábýlalöndunum og byggði jafnvel hús án tilskilinna leyfa.

Upp úr 1945 var farið að veita leyfi til fastrar búsetu á smábýlalöndunum og í kjölfarið jókst uppbygging á svæðinu. Kópavogur varð fyrst sjálfstætt sveitarfélag árið 1948 og árið 1957 keypti bærinn allt land af ríkinu og gat úthlutað lóðum og stýrt eigin skipulagi.

Árið 1952 var samþykkt að stofna hafnarnefnd sem skyldi undirbúa hafnargerð í Kársnesi. Hafnarframkvæmdir hófust 1952-1953 á Kársnesi. Þá var lögð fyrsta bátabryggjan og viðlegurúm sem var um 70 m langt. Síðar var hafin bygging grjótgarðs sunnan bryggjunnar. Allstórt fiskhús var reist upp af bryggjunni í framhaldi af gerð hennar og nokkur fiskverkun átti sér stað þarna á þessum árum, en útgerð stærri skipa festi þar ekki rætur að sinni.

Á síðari árum hefur byggst upp fjölbreytt er atvinnu- og iðnarsvæðisvæði á vestanverðu Kársnesinu.



Kópavogshöfn á sjöunda áratuginum (Ljósmyndari: Herbert Guðmundsson, Héraðsskjalasafn Kópavogs og Kópavogsbær, myndavefur).



Núverandi ástand

Á svæðinu eru 6 byggingarnar byggðar frá 1950 og 1988. Byggingarnar flestar eru farnar að láta á sjá og falla ekki vel að núverandi íbúðarbyggð sem er smátt og smátt að myndast á þróunarsvæði Kársnes. Einnig stinga iðnaðar byggingar í stúf við eldri íbúðarbyggðina fyrir ofan. Umhverfi bygginganna, frágangur lóða sem og aðkoma og umhirða er komin á það stig að þörf er á endurbótum svo það sé til prýðis en einnig svo að öryggis sé gætt.

Á svæðinu eru alls 7 lóðir: á fimm lóðum eru iðnaðarbyggingar, á einni lóð er einbýlishús og á þeirri sjöundu er engin byggð.

Skipulagssvæði





Byggingarár: 1988

Bryggjuvör 1

Fyrsti eigandi:	Guðmundur H. Gunnarsson, Norðurslóð ehf., Helgi Jakobsson, Bogi Þórir Guðjónsson6 eignarhlutir – ekkert skrá fyrir 1990 samkv. fasteignaskrá
Hönnuður:	Guðmundur Gunnarsson, arkitekt
Upphafleg notkun:	Skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði
Núverandi notkun:	Skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði



Upprunalegt útlit (af kortavef Kópavogsbæjar)



Ljósmynd árið 2022

Gerð húss:	Upphaflegt	Núverandi:	Helstu breytingar	Hönnuður breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypa	Steinsteypa		
Klæðning:	-	-		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	-	-		
Útlit:	Tvílyft m. kjallara	Tvílyft m. kjallara		

Varðveislugildi húss:


Þegar vegnar hafa allar staðreyndir og skráðar heimildir er niðurstaðan sú að húsið að Bryggjuvör 1 hefur lítið varðveislu gildi. Breytingar á notagildi húsnæðis hafa átt sér stað í samfélaginu sem og reglugerðir og er talið víst að ef farið yrði í framkvæmdir á lóðinni í samræmi við þróunaráætlun aðalskipulags fyrir svæðið yrði það fyrir bestu að rúm heimild væri gefin til endurbóta, viðbyggingar eða byggt væri nýtt þess í stað.



Byggingarár: 1950

Bryggjuvör 2

Fyrsti eigandi:	Kópavogsbær frá 1984 (samkv. fasteignaskrá)
Hönnuður:	óvitað
Upphafleg notkun:	geymsla
Núverandi notkun:	Aðstaða Hjálpasveitar skáta Kópavogi



Upprunalegt útlit (af teikningaveg)



Ljósmynd árið 2022

Gerð húss:	Upphaflegt	Núverandi:	Helstu breytingar	Hönnuður breytinga
Byggingarefni:			2013 – Gluggar og hurðir	VEB verkfræðistofa
Útveggir:				
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstaða:	-	-		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Varðveislugildi húss:


Þegar vegnar hafa allar staðreyndir og skráðar heimildir er niðurstaðan sú að húsið að Bryggjuvör 2 hefur lítið varðveislu gildi. Breytingar á notagildi húsnæðis hafa átt sér stað í samfélaginu sem og reglugerðir og er talið víst að ef farið yrði í framkvæmdir á lóðinni í samræmi við þróunaráætlun aðalskipulags fyrir svæðið yrði það fyrir bestu að rúm heimild væri gefin til endurbóta, viðbyggingar eða byggt væri nýtt þess í stað.

Byggingarár: 1971

Bryggjuvör 3



Fyrsti eigandi:	Fiskdreifingarstöð Hinriks Lárussonar (samkv. teikningum)
Hönnuður:	Kjartan Sveinsson
Upphafleg notkun:	Fiskvinnsla
Núverandi notkun:	Iðnaðarhús



Upprunalegt útlit (af teikningavef)



Ljósmynd árið 2022

Gerð húss:	Upphaflegt:	Núverandi:	Helstu breytingar	Hönnuður breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypa	Steinsteypa	2013 – Gluggar og hurðir	VEB verkfræðistofa
Útveggir:	Bárujárn			
Þakgerð:	Einhalla	Einhalla		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	-	-		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Varðveislugildi húss:

Þegar vegnar hafa allar staðreyndir og skráðar heimildir er niðurstaðan sú að húsið að Bryggjuvör 3 hefur lítið varðveislu gildi. Breytingar á notagildi húsnæðis hafa átt sér stað í samfélaginu sem og reglugerðir og er talið víst að ef farið yrði í framkvæmdir á lóðinni í samræmi við þróunaráætlun aðalskipulags fyrir svæðið yrði það fyrir bestu að rúm heimild væri gefin til endurbóta, viðbyggingar eða byggt væri nýtt þess í stað.



Byggingarár:
1968 / 1983

Bakkabraut 2

Fyrsti eigandi: Síldarútvegsnefnd


Hönnuður: Helgi Hafliðason

Upphafleg notkun: Tilraunavinnsluhús síldarútvegsnefndar (samkv. teikningum)

Núverandi notkun: Vörugeymsla / Iðnaðarhús



Ljósmynd árið 2022



Upprunalegt útlit (af teikningavef)

Gerð húss:	Upphaflegt:	Núverandi:	Helstu breytingar	Hönnuður breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypa	Steinsteypa	2013 – Gluggar og hurðir	VEB verkfræðistofa
Klæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	-	-		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Varðveislugildi húss:


Þegar vegnar hafa allar staðreyndir og skráðar heimildir er niðurstaðan sú að húsið að Bakkabraut 2 hefur lítið varðveislu gildi. Breytingar á notagildi húsnæðis hafa átt sér stað í samfélaginu sem og reglugerðir og er talið víst að ef farið yrði í framkvæmdir á lóðinni í samræmi við þróunaráætlun aðalskipulags fyrir svæðið yrði það fyrir bestu að rúm heimild væri gefin til endurbóta, viðbyggingar eða byggt væri nýtt þess í stað.

Byggingarár: 1950

Bakkabraut 4



Fyrsti eigandi:	Óvíst, en Þyrping hf. er fyrst skráður samkv. fasteignaskrá
Hönnuður:	Ásgeir Ingvarsson
Upphafleg notkun:	Fiskverkun
Núverandi notkun:	Aðstaða Hjálpasveit skáta Kópavogi



Upprunalegt útlit (af teikningaveg)



Ljósmynd árið 2022

Gerð húss:	Upphaflegt:	Núverandi:	Helstu breytingar	Hönnuður breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypa	Steinsteypa	2013 – Gluggar og hurðir	VEB verkfræðistofa
Klæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Einhalla	Einhalla		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	-	-		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Varðveislugildi húss:

Þegar vegnar hafa allar staðreyndir og skráðar heimildir er niðurstaðan sú að húsið að Bakkabraut 4 hefur lítið varðveislu gildi. Breytingar á notagildi húsnæðis hafa átt sér stað í samfélaginu sem og reglugerðir og er talið víst að ef farið yrði í framkvæmdir á lóðinni í samræmi við þróunaráætlun aðalskipulags fyrir svæðið yrði það fyrir bestu að rúm heimild væri gefin til endurbóta, viðbyggingar eða byggt væri nýtt þess í stað.



Byggingarár: 1983


Þinghólsbraut 77

Fyrsti eigandi: Sigurður Bragi Stefánsson


Hönnuður: Árni Ólafsson, arkitekt

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Núverandi notkun: Íbúðarhús



Upprunalegt útlit (af kortavefsjá Kópavogsbæjar)



Ljósmynd árið 2022

Gerð húss:	Upphaflegt:	Núverandi:	Helstu breytingar	Hönnuður breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypa	Steinsteypa		
Klæðning:	-	-		
Þakgerð:	Einhalla á tvo vegu	Einhalla á tvo vegu		
Þakklæðning:	Þakpappi	Þakpappi		
Undirstaða:	-	-		
Útlit:	Einlyft m. kjallara	Einlyft m. kjallara		

Varðveislugildi húss:

Þegar vegnar hafa allar staðreyndir og skráðar heimildir er niðurstaðan sú að húsið að Þinghólsbrautar 77 hefur lítið varðveislugildi. Húsið sem virðist hafa fengið lítið viðhald á síðustu árum, er hluti af samstæðri húsaröð en stendur á jaðri gróinnar íbúðabyggðar og eldri atvinnusvæðis. Breytingar á notagildi húsnæðis fyrir vestan þessa lóð hafa átt sér stað í samfélaginu sem og reglugerðir og er talið víst að ef farið yrði í framkvæmdir á lóðinni í samræmi við þróunaráætlun aðalskipulags fyrir svæðið yrði það fyrir bestu að rúm heimild væri gefin til endurbóta, viðbyggingar eða byggt væri nýtt þess í stað.



Engin byggð

Þinghólsbraut 79

Fyrsti eigandi: Kópavogsbær

Hönnuður: Enginn

Upphafleg notkun: Óbyggð lóð

Núverandi notkun: Óbyggð lóð



Ljósmynd árið 2022



Lokaorð

Elsta húsið á reitnum er byggt árið 1950 og ekkert húsanna er friðað eða friðlýst vegna sögu og/eða menningarsögulegs gildis. Þegar lagt er mat á byggingarstíl og fagurfræði (byggingarlist) þá hafa flest húsin misst nokkuð af upprunalegu útliti sínu. Nokkrar iðnaðarhurðir hafa bæst við einstaka hús og gluggum hefur verið skipt út. Húsin hafa alla tíð verið iðnaðarhús, fyrir utan húsið við Þinghólsbraut, og hafa dæmigerðan byggingarstíl síns tíma. Að mati skipulagsdeildar eru engar samstæður húsa, eða heildir, sem lagt er til að vernda vegna umhverfislegra sérstöðu. Þegar litið er á meiri hluta byggðarinnar á reitnum þ.e.a.s fyrir utan Þinghólsbraut 77, sem er hluti af samstæðri húsaröð og gróinni íbúðabyggð, þá er byggðin frekar sundurleit og styrkir ekki götummyndina við nærliggjandi umhverfi. Upprunalegt svipmót þeirra bygginga hefur aldrei verið sterkt og hefur ekki batnað með árunum.

Niðurstaða húsakönnunar

- Á svæðinu eru ekki friðuð hús, hús byggð fyrir 1850 eða kirkjur byggðar fyrir 1918 auk húsa sem friðuð eru af menntamálaráðherra.
- Ekki eru á svæðinu einstök hús, húsaraðir og götummyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi né aðalskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.
- Ekki eru á svæðinu samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi né aðalskipulagi vegna umhverfislegra sérstöðu þeirra.

Heimildaskrá

- Drög að Hverfisáætlun Kársness
- Teikningavefur Kópavogsbæjar
- Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
- Saga Kópavogs bindi I-III